

Jafnréttisáætlun leikskólans Hvamms

Stefna Leikskólans Hvamms er að gætt skuli fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla og að hver starfsmaður verði metinn á eigin forsendum. Þannig verði tryggt að mannauður leikskólans nýtist sem best. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og er það stefna leikskólans að útrýma slíkri mismunun komi hún í ljós.

Stefnumið:

- Gæta skal jafnréttis við ráðningar starfsmanna og tilfærslur í starfi.
- Leitast skal við að jafna hlutfall kvenna og karla í störfum innan leikskólans.
- Gæta skal jafnréttis hvað varðar ábyrgð og þátttöku starfsmanna í starfshópum og nefndum.
- Greiða skal jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.
- Konur og karlar skulu eiga jafnan aðgang að starfsmenntun og þjálfun.
- Gera skal starfsmönnum kleift að samræma atvinnu og fjölskyldulíf.
- Kynferðisleg áreitni og einelti verða ekki liðin.

Sérstakar aðgerðir:

- Leitað verði eftir umsækjendum af báðum kynjum við ráðningar, þess skal gætt í auglýsingum að minna á að bæði kyn komi jafn vel til greina.
- Skoðað verði sérstaklega hvernig hægt sé að stuðla að jafnari kynjaskiptingu í störfum innan skólans og að stjórnendur gæti sérstaklega að því varðandi starfsþróun.
- Konur og karlar fái jafna möguleika til að þroskast í starfi og auka þekkingu sína. Þess verði sérstaklega gætt að starfsfólk fái sömu laun fyrir sambærilega frammistöðu í sömu störfum.
- Leitast verði við að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að jafnvægis sé gætt milli vinnu og fjölskyldulífs. Starfsmönnum sé jafnframt auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða foreldraorlof.
- Gerðar verða sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynferðislegri áreitni í starfi og starfsmönnum kynnt hvernig taka skuli á slíkum málum ef upp koma.
- Setja á stofn jafnréttishóp sem hefur það að markmiði að auka hlut karla innan leikskólans án þess að gengið sé á hlut kvenna.
- Hlutverk og verkefni jafnréttishóps:
- Fylgja jafnréttismarkmiðum leikskólans eftir og vera ráðgefandi fyrir stjórnendur og starfsmenn.
- Vinna að þeim verkefnum sem tiltekin eru í áætluninni og hópnum eru falin.
- Skipan hópsins:
- Deildarstjórar allra deilda skipa jafnréttishópinn ásamt leikskólastýru.

Samþykkt á starfsmannafundi 09. janúar 2006